

Ræða formanns á ársfundi 2021

Góðir sjóðfélagar

I. Inngangur

Árið 2020 verður lengi í minnum haft þar sem heimsfaraldur geisaði og hafði mikil áhrif á hagkerfi heimsins. Miklar sveiflur voru á verðbréfamörkuðum, árið fór vel af stað en í lok febrúar fór að gæta áhrifa af COVID-19 á fjármálamörkuðum og var skörp lækkun bæði á innlendum og erlendum hlutabréfamörkuðum, en í lok mars sneru markaðir hratt til baka. Þegar upp var staðið var góð ávöxtun á innlendum og erlendum mörkuðum á árinu. Allar ávöxtunarleiðir Almenna lífeyrissjóðsins nutu góðs af hagstæðri þróun á mörkuðum og skiluðu jákvæðri raunávöxtun. Ævisafn I hækkaði mest eða um 16% sem jafngildir um 12,1% raunávöxtun.

Árið sem er að líða hefur farið vel af stað og þróun á hlutabréfamörkuðum verið hagstæð. Blandaðar ávöxtunarleiðir hafa notið góðs af þessari þróun en í byrjun vikunnar hafði Ævisafn I hækkað um 4,3% og samtryggingarsjóður um 3,5%. Þrátt fyrir jákvæðar horfur í efnahagsmálum heimsins á síðustu metrum Covid faraldursins, eru samt hættumerki sem geta haft áhrif. Þannig hefur gamall kunningi látið á sér kræla eftir gott frí en undanfarna mánuði hefur verðbólga mælst meiri bæði hér á landi og annarsstaðar en um árabíl. Sömuleiðis hefur ávöxtunarkrafa á eftirmarkaði í Bandaríkjunum og Evrópu farið hækkanandi og hér á landi hækkaði Seðlabankinn stýrivexti í síðustu viku.

Í ársskýrslu sjóðsins er gerð grein fyrir rekstri og afkomu sjóðsins á síðasta ári. Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri sjóðsins, mun hér á eftir gera grein fyrir rekstri hans og tryggingafræðilegri stöðu og síðan mun Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri, fara yfir ávöxtun síðasta árs og kynna fjárfestingarstefnuna.

II. Heimsfaraldur

Í lok febrúar árið 2020 greindist fyrsti Íslendingurinn með sjúkdóminn Covid-19 og þann 6. mars lýsti ríkislögreglustjóri yfir neyðarstigi Almanna- og Mannavarna í samráði við sóttvarnarlækni. Sem kunnugt er breiddist veiran um heiminn og varð að alheimsfaraldri sem leiddi til efnahagssamdráttar um allan heim. Óþarfi er tíunda nánar um áhrif Covid-19 á efnahagskerfi heimsins og héraendis.

Starfsfólk Almenna lífeyrissjóðsins brást strax við og setti upp viðbragðsáætlun, sem miðaði að því að halda starfsemi sjóðsins gangandi og tryggja lágmarksþjónustu við sjóðfélaga.

- Þegar sett var á samkomubann og fleiri en 20 og síðar 10 einstaklingum, var bannað að koma saman var fyrirkomulagi daglegs reksturs breytt. Afgreiðsla sjóðsins var þá lokuð frá 16. mars til 18. maí og síðan aftur frá 6. október fram í mars á þessu ári. Þjónusta við sjóðfélaga fór á þeim tíma fram í gegnum síma, netspjall, með fjarfundum og tölvupóstsamskiptum.
- Starfsmenn skiptu sér í tvo hópa og vann helmingur þeirra að heiman viku í senn til að draga úr smithættu og minnka líkur á röskun á starfsemi sjóðsins.
- Í fyrstu bylgju faraldursins ákvað sjóðurinn að veita þeim lántökum tímabundið greiðslufrest af lánum sjóðfélaga, sem áttu í greiðsluferfiðleikum vegna atvinnumissis eða forsendubrests vegna Covid-19.

- Einnig var ákveðið að koma til móts við tímabundna erfiðleika launagreiðenda með því að reikna almenna vexti, í stað dráttarvaxta af iðgjöldum í vanskilum.
- Áhættustjóri vann sérstaka áhættugreiningu í upphafi faraldursins og uppfærði síðan við endurskoðun áhættustefnu í nóvember. Vel hefur verið fylgst með helstu áhættuþáttum af hálfu starfsmanna og Fjármálaeftirlitsins sem hefur kallað eftir reglulegum upplýsingum.
- Í upphafi faraldursins fóru starfsmenn yfir allar eignir sjóðsins í atvinnugreinum, sem urðu fyrir áhrifum af faraldrinum, bæði innlendar og erlendar og færðu varúðarafskriftir þar sem það var talið nauðsynlegt. Sjóðurinn gerir eignir upp á markaðsverði á hverjum degi og sjóðfélagar geta flutt inneign sína milli ávöxtunarleidda eða til annarra vörsluaðila með stuttum fyrirvara. Sömuleiðis er séreign hjá 60 ára og eldri að mestu laus til úttektar. Af þessum sökum leggur sjóðurinn áherslu á að eignir sjóðsins endurspegli raunverulegt markaðsverð á hverjum tíma. Eignir sjóðsins eru vel dreifðar á lönd og atvinnugreinar og áhrif af varúðarafskriftum vegna heimsfaraldurs voru óveruleg. Áhrifin hafa síðan að miklu leyti gengið til baka með hækkun á mörkuðum víðast hvar.

Stjórn sjóðsins fylgdist vel með rekstri sjóðsins í upphafi faraldursins og fundaði vikulega með starfsmönnum í gegnum fjarfundarbúnað. Þegar dró úr smitum og meiri reynsla komst á að lifa með veirunni hættu aukafundirnir en hefðbundnir stjórnarfundir fóru fram sem fjarfundir allt fram í janúar á þessu ári.

Of snemmt er að fjölyrða um efnahagsleg áhrif heimsfaraldursins. Í flestum löndum hefur mælst mikill samdráttur og jafnvel sá mesti í heila öld. Það er því vissulega sérstakt að eignaverð hafi almennt hækkað og ávöxtun fjárfesta hefur víða verið með besta móti.

III. Ávöxtun og horfur

Ávöxtun sjóðsins á árinu 2020 fór langt fram úr væntingum. Munar þar mestu um hækkun á hlutabréfum á árinu, bæði innlendum og erlendum. Einnig veiktist krónan nokkuð gagnvart erlendum gjaldmiðlum og svo hækkuðu innlend skuldabréf í verði vegna lækkunar á ávöxtunarkröfu langra skuldabréfa.

Ávöxtun sjóðsins hefur verið með eindæmum góð á síðustu árum sem sést best ef litið er á raunávöxtun síðastliðinna 10 ára. Sem dæmi má nefna að raunávöxtun Ævisafns I var að jafnaði 6,7% á tímabilinu og samtryggingarsjóðs 5,9%. Þessar tölur eru yfir sögulegu meðaltali safna með sambærilega eignasamsetningu. Skýringin á þessum háu ávöxtunartölum er mikil lækkun á vöxtum á fjármálamörkuðum víðast hvar á liðnum árum.

Lækkun vaxta leiðir yfirleitt til hækkunar á eignaverði fjármálagerninga, sem byggja á framtíðargreiðsluflæði eins og skuldabréfa og hlutabréfa. Til framtíðar er lækkun vaxta hins vegar ekkert endilega góðar fréttir fyrir langtímafjárfesta. Haldist vextirnir óbreyttir munu skuldabréf skila lægri arðsemi, en gengistapi ef vextir hækka á ný. Hlutabréf geta blómstrað ef vextir haldast óbreyttir vegna lægri fjármagnskostnaðar fyrirtækja. Hækki vextir hins vegar eru yfirgnæfandi líkur á að verð hlutabréfa lækki. Horfur um ávöxtun á næstunni eru því óljósar. Þrátt fyrir að eignaverð sé á ýmsan hátt sögulega hátt hafa hlutabréfamarkaðir farið vel af stað á árinu og í bili er margt sem bendir til þess að hagstæð verðþróun haldi áfram. Mikil óvissa er um þróun vaxta á næstunni. Eftir heimsfaraldurinn hefur eftirspurn eftir fjármagni aukist, sem getur leitt til þess að vextir

hækki á ný. Þess sjást merki ef litið er á þróun ávöxtunarkröfu ríkisskuldabréfa, sem hefur hækkað um 40 til 100 punkta í mörgum löndum, að minnsta kosti til skamms tíma.

Sagan sýnir að fyrir langtímafjárfesta er heppilegast að halda langtímastefnu um eignasamsetningu, frekar en að gera stórtækar eignabreytingar sem byggja á væntingum og jafnvel kennitölum, sem sýna verð yfir sögulegu meðaltali. En menn verða að vera viðbúnir því að ganga í gegnum í tímabil þar sem ávöxtun verður undir sögulegu lágmarki.

IV. Frumvarp um breytingar á lögum um lífeyrissjóði

Í apríl var lagt fram frumvarp á Alþingi um breytingar á lögum um lífeyrissjóði. Með því eru lagðar til mestu breytingar á lögum um lífeyrissjóði frá því að núverandi lög voru samþykkt árið 1997. Þau voru á sínum tíma innleidd í víðtækri sátt hagsmunaaðila og er það mat flestra að lögin hafi í meginatriðum reynst vel. Núverandi frumvarp byggir að mestu á tillögum og samráði við aðila vinnumarkaðarins þ.e. ASÍ og SA, sem tengjast nokkrum lífeyrissjóðum landsins, sem samtals vege minna en helming af heildareignum lífeyrissjóða. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur skilað inn umsögn um frumvarpið þar sem megingintillaga okkar er að það verði dregið til baka og þess freistað að vinna málið betur í tengslum við gerð grænbókar og heildarendurskoðunar lífeyriskerfisins sem hefur verið boðuð.

Grunnur að sáttinni 1997 var svokölluð lágmarkstryggingavernd, sem skyldar lífeyrissjóði til að haga réttindum þannig að sjóðfélagar fái að lágmarki tiltekinn ellilífeyri til æviloka og áfallalífeyri ef þeir missa starfsorku eða að tryggja lágmarksgreiðslur til maka og barna við fráfall. Með lágmarkstryggingaverndinni náðist samkomulag um tiltekin mörk þannig að sjóðir gætu heimilað sjóðfélögum að nýta umframiðgjald til að greiða í séreignarsjóð, með það að markmiði að auka sveigjanleika um eftirlaun. Rétt er að geta þess að lífeyrissjóðir innan samningssviðs ASÍ og SA gátu boðið sínum sjóðfélögum að ráðstafa hluta af lágmarksiðgjaldi í séreign, en forsvarsmenn samtakanna kusu að gera það ekki. Í staðinn hafa þeir komið ár sinni þannig fyrir borð að lagt er til í frumvarpinu að lágmarkstryggingavernd hækki um rúm 28% eða að sjóðfélagar geti greitt í nýja tegund séreignar, svokallað tilgreinda séreign, með þrengri útborgunarheimildum en hefðbundinn séreignarsparnaður.

Með frumvarpinu er lagt til að séreign, sem myndast af lágmarksiðgjaldi, önnur en tilgreind séreign, muni í framtíðinni skerða ellilífeyri almannatrygginga. Markmiðið er að jafna áhrif lágmarksiðgjalds gagnvart almannatryggingum. Tillagan er málefnaleg en markmiðið næst ekki. Ójafnræði verður á milli þeirra sem greiða 15,5% af launum í samtryggingu og þeirra sem velja að greiða 3,5% í tilgreinda séreign og 12% í samtryggingu. Þá munu lífeyrissjóðir áfram geta boðið séreign sem er laus frá 60 ára aldri sem hluta af lágmarksiðgjaldi. Þeir sem velja þennan kost geta þá tekið út séreign áður en þeir hefja töku lífeyris úr almannatryggingum.

Þá höfum við bent á að ekki er hægt að gera greinarmun á uppsöfnuðum sparnaði og tilgreina hvaða eign hefur myndast af lágmarks- eða viðbótariðgjaldi. Lífeyrissjóðir og vörsluaðilar lífeyrissparnaðar fóru að lögum og aðgreindu ekki séreign sem myndast af lágmarki og viðbótarlífeyrissparnaði í réttindakerfum. Af þeim sökum er ekki hægt að gera greinarmun á uppsöfnuðum sparnaði og tilgreina hvaða eign hefur myndast af

lágmarks- eða viðbótariðgjaldi. Tillagan er því óframkvæmanleg nema á grundvelli áætlunar sem er ekki heppilegt.

Að okkar mati er frumvarpið illa undirbúið, samráð við aðra hagaðila en aðila vinnumarkaðarins var lítið sem ekkert, og þær tillögur sem lagðar eru til eru vanhugsáðar og til þess fallnar að flækja lífeyriskerfið og draga úr valfrelsi sjóðfélaga. Við munum upplýsa sjóðfélaga okkar um framgang frumvarpsins og um áhrif á réttindi þeirra verði það að lögum.

V. Fjárfestingarstefna

Fjárfestingarstefna Almenna lífeyrissjóðsins fyrir árið 2021 var samþykkt af stjórn sjóðsins þann 25. nóvember 2020. Mestar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu Ævisafns III, en í nýrri stefnu er stefnt að 30% vægi hlutabréfa í stað 20% áður. Tiltölulega litlar breytingar voru gerðar á fjárfestingarstefnu annarra ávöxtunarleiða.

Með þessari breytingu er stefnt að hærri langtímaávöxtun Ævisafns III. Sjóðfélagar í safninu mega á móti reikna með því að sveiflur í ávöxtun aukist með hærri hlutfalli hlutabréfa. Bent er á að hlutabréf eru almennt áhættusamari eignir en skuldabréf og innlán, en sögulega séð hafa þau skilað hærri langtímaávöxtun. Vextir hafa lækkað verulega á undanförunum árum og fjárfestingarumhverfið breyst mikið frá því eldri fjárfestingarstefna Ævisafn III var mótuð. Sem dæmi má nefna að raunávöxtun langra ríkisskuldabréfa var í kringum 5% þegar safnið var stofnað árið 1998, en fór niður fyrir 0% raunávöxtun í ágúst á síðasta ári. Þessi mikla vaxtalækkun undanfarin ár hefur skilað Ævisafni III töluverðum gengishagnaði en ef horft er fram í tímann munu skuldabréf að öllum líkindum skila lægri ávöxtun, en þau hafa gert.

Áhersla er lögð á sjálfbærni og samfélagsábyrgð í fjárfestingum Almenna lífeyrissjóðsins. Lífeyrissjóðurinn starfar eftir stefnu sjóðsins um ábyrgar fjárfestingar, sem er staðfest sérstaklega af stjórn og endurskoðuð á hverju ári. Með ábyrgum fjárfestingum er átt við að horft sé til umhverfismála, félagslegra málefna og stjórnarháttanna í fjárfestingum. Í stefnu sjóðsins er vísað til grunngilda Sameinuðu þjóðanna um samfélagsábyrgð og viðmiðunarreglna um ábyrgar fjárfestingar.

Ábyrgð gagnvart samfélaginu er mikilvægur þáttur í fjárfestingum lífeyrissjóða og jafnframt er mikilvægt að stjórnendur fyrirtækja taki þessi mál föstum tókum. Við teljum mikilvægt að fyrirtæki í eignasafni lífeyrissjóðsins móti sér skýra stefnu um umhverfismál, félagsleg málefni og stjórnarhætti. Markmiðið er meðal annars að stuðla að sjálfbærri nýtingu auðlinda, draga úr mengun, lágmarka starfsemi sem er skaðleg fyrir umhverfið, virða mannréttindi og kjarasamninga starfsfólks, ásamt því að innleiða góða stjórnarhætti, sem eru í samræmi við gildandi reglur og viðmið hverju sinni.

Áhersla er lögð á að samtvinna ábyrgar fjárfestingar við það meginmarkmið lífeyrissjóðsins að ávaxta fé sjóðfélaga á hagkvæman hátt í samræmi við fjárfestingarstefnu og greiða út lífeyri. Lítið er svo á að fyrirtæki sem hafa innleitt sjálfbærni í sinni starfsemi séu líklegri til að sýna bættan rekstrarárangur. Þannig fara saman hagsmunir fjárfesta og samfélagsins í stærra samhengi.

Viðhorf til umhverfismála hafa breyst hratt á undanförunum árum og sífellt meiri áhersla er lögð á þennan málaflokk, hjá fyrirtækjum, fjárfestum og samfélaginu öllu. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur fylgst vel með þessari þróun, sett sér stefnu og jafnframt tekið

markviss skref meðal annars til að auka umhverfissjálfbærni í eignasafni sjóðsins og dregið þannig úr kolefnisspori fjárfestinga.

Við gerum okkur grein fyrir því að við eigum nokkuð í land með að greina og gera breytingar á eignasafni sjóðsins með það fyrir augum að auka umhverfissjálfbærni fjárfestinga. Þarna skiptir miklu máli að geta mælt og áætlað áhrif fjárfestinga. Samræmt regluverk og upplýsingagjöf mun auðvelda lífeyrissjóðnum að meta þau áhrif. Mikilvægur áfangi náðist í mars á þessu ári þegar SFDR reglugerð Evrópusambandsins, eða Sustainable Finance Disclosure Regulation, tók gildi í Evrópu. Þessi reglugerð mun hafa mikil áhrif en hún gengur út á það að aðilum á fjármálamarkaði ber að upplýsa um sjálfbærni fjárfestinga. Einnig má nefna flokkunarreglugerð ESB, EU Taxonomy, sem fjallar um skilgreiningu á umhverfissjálfbærri, eða grænni, atvinnustarfsemi og þær kröfur sem gerðar eru til upplýsingagjafar. Þessar reglugerðir, sem innleiddar verða í íslensk lög á næstu misserum, eru hluti af aðgerðaráætlun fyrir fjármögnun sjálfbærs vaxtar.

Það er því trú okkar að með breyttu fjárfestingarumhverfi og bættu regluverki munu fjárfestar eiga auðveldara með að meta sjálfbærni og geta þannig í auknum mæli beint flæði fjármagns til umhverfissjálfbærra fjárfestinga. Við trúum því að þessi stefna slái tvær flugur í einu höggi, með ábyrgum fjárfestingum stuðli sjóðurinn að betri framtíð fyrir sjóðfélaga og afkomendur okkar og skili sjóðfélögum betri ávöxtun.

VI. Tryggingafræðileg staða og lenging á meðalævi

Tryggingafræðileg staða samtryggingarsjóðs batnaði um 4,1 prósentustig á árinu 2020, vegna góðrar ávöxtunar. Í árslok 2020 var áunnin staða neikvæð um 0,2%, framtíðarstaða neikvæð um 1,1% og heildarstaða neikvæð um 0,6%. Tryggingafræðileg staða er innan vikmarka sem lög kveða á um. Staðan er einnig innan þeirra marka sem sjóðurinn stefnir að, eða að áunnin staða sé innan við +/- 5% af skuldbindingum og að framtíðarstaðan sé innan við +/- 5% af skuldbindingum.

Félag íslenskra tryggingastærðfræðinga hefur lagt til við ráðherra að forsendum við mat á skuldbindingum sjóðanna verði breytt og notaðar verði lífslíkur sem byggja á spám um lengri meðalævi. Félagið hefur sent tillögur um nýjar dánar- og eftirlifendatöflur til fjármálaráðherra sem gefur út töflur fyrir lífeyrissjóði til að nota við mat á skuldbindingum. Líklegt er að ráðherra fallist á tillögu félagsins og nýjar töflur gildi í tryggingafræðilegu uppgjöri í árslok 2021.

Verði fallist á þessar tillögur munu reiknaðar skuldbindingar lífeyrissjóða aukast og réttindi breytast þannig að reiknað verði með lægri lífeyrisgreiðslum í lengri tíma fyrir hvern og einn sjóðfélaga.

Talnakönnun hefur áætlað tryggingafræðilega stöðu sjóðsins miðað við breyttar forsendur og reiknað stöðuna miðað við staðallíkur sem gilda fyrir landsmenn alla og tvær sviðsmyndir þar sem reiknað er með lengri meðalævi en landsmeðaltal. Til upprifjunar þá notar sjóðurinn sérhæfðar lífslíkur við mat á núverandi stöðu, en þær gera ráð fyrir að 70 ára karlar í Almenna lífi að meðaltali 1,4 ári lengur en meðaltal sjóðfélaga í öðrum sjóðum og að 70 ára konur í Almenna lífi að meðaltali 1,7 ári lengur, en þessi niðurstaða byggir á athugunum á dánartíðni sjóðfélaga á árunum 2014 til 2018. Í stuttu máli sýna niðurstöður Talnakönnunar að staða sjóðsins versnar með breyttum lífslíkum eins og búast mátti við. Áunnin staða er í jafnvægi sé stuðst við

staðallíkur, en staðan er lakari með sértækum líkum. Framtíðarstaða versnar hins vegar nokkuð í öllum tilvikum.

Það gefur augaleið að lífeyrissjóðir geta ekki endalaust reiknað með að greiða óbreyttan lífeyri, þegar meðalævi lengist stöðugt. Sjóðirnir geta brugðist við með því að hækka iðgjöld eða lífeyrisaldur, eða blöndu af þessu tvennu. Útreikningar fyrir Almenna lífeyrissjóðinn sýna að sjóðurinn þarf að bregðast við, til að koma framtíðarstöðu í jafnvægi með útgáfu á nýrri réttindatöflu og mögulega að hækka iðgjald í samtryggingarsjóð. Hugsanlega þarf einnig að breyta áunnum réttindum og reikna með að lífeyrisskuldbinding á hvern sjóðfélaga dreifist á lengri tíma eða hefjist síðar en nú er reiknað með. Við munum upplýsa sjóðfélaga um framvindu þessara mála.

VII. Lán til sjóðfélaga

Á árinu 2020 breyttust aðstæður á húsnæðislánamarkaði eftir að Seðlabankinn lækkaði stýrivexti í nokkrum skrefum úr 2,75% í 0,75%. Í kjölfarið hafa bankar lækkað vexti á húsnæðislánum meira en lífeyrissjóðir og boðið óverðtryggð lán með breytilegum vöxtum, nálægt væntri verðbólgu á næstu árum. Afleiðing þessa er að fjöldi einstaklinga hefur endurfjármagnað húsnæðislán sín hjá bönkunum og greitt upp lán hjá lífeyrissjóðum. Almenni lífeyrissjóðurinn hefur ekki farið varhluta af þessari þróun og í fyrsta sinn í sögu sjóðsins var heildarupphæð uppgreiddra lána hærri en nýjar lánveitingar.

Á undanförunum árum hafa sjóðfélagalán sem hlutfall af eignum sjóðsins vaxið mikið, en sem dæmi má nefna að hrein útlán á fimm ára tímabili á árunum 2015-2019 námu 31 milljarði eða 6,2 milljörðum á ári. Á þessu tímabili jókst hlutfall sjóðfélagalána úr 12,4% í 17,6% af eignum samtryggingarsjóðs. Hlutfallið lækkaði á árinu 2020 og var 14,1% í árslok.

Auknar uppgreiðslur á lánum eru í takt við lækkun vaxta á síðustu árum og breytingar á lántökugjöldum. Fyrir lántakendur er þetta mjög jákvæð þróun og gefur þeim færi á að endurfjármagna eldri lán á betri kjörum. Ein afleiðing þessa er að einstaklingar eru meðvitaðri um eigin fjármál sem er heppilegt. Fyrir lánveitendur þýðir þessi þróun aukið umfang afgreiðslu lána og aukna uppgreiðsluáhættu á lánum með fasta vexti. Þessi þróun kallar síðan á meira eftirlit og kvikari eignastýringu.

VIII. Þjónusta við sjóðfélaga

Það er gömul saga og ný að allir erfiðleikar eða mótlæti skapa tækifæri.

Í heimsfaraldrinum sem nú gengur yfir, hafa fyrirtæki, stofnanir og einstaklingar þurft að aðlaga sig að samkomutakmörkunum með breyttum samskiptum, oftast í gegnum netið og fjarfundarbúnað. Í upphafi faraldursins höfðu flestir litla eða enga reynslu af fjarfundum en þekkja núna vel til þeirra af eigin reynslu. Við höfum líka tekið eftir því að hugbúnaðurinn sem er notaður hefur breyst mikið og er mun þjálfi og betri en fyrir ári síðan.

Þjónusta við sjóðfélaga hefur gengið vel í faraldrinum þrátt fyrir að afgreiðsla sjóðsins hafi verið lokuð. Sjóðfélagar hringja, senda tölvupóst og tala við ráðgjafa með netspjalli. Upp á síðkastið hafa sífellt fleiri nýtt sér að hitta ráðgjafa á fjarfundi sem hefur mælst vel fyrir. Loks hafa upplýsingafundir farið fram á vefnum og mælst vel fyrir.

Sjóðurinn hefur á sama tíma sett aukinn kraft í að stefna að rafrænum samskiptum við sjóðfélaga. Þannig er núna unnið að endurnýjun sjóðfélagavefs þar sem gert er ráð fyrir að allar umsóknir og samskipti í tengslum við þær fari fram með rafrænum hætti. Einnig er stefnt að því að öll skjöl sjóðfélaga verði vistuð á vefnum og aðgengileg þegar hentar. Þessi þróun er afar jákvæð og til þess fallin að efla og bæta þjónustu við sjóðfélaga. Aukin sjálfvirkni er einnig í takt við stefnu sjóðsins um hagkvæman rekstur. Til framtíðar kann þessi þróun að leiða til þess að afgreiðsla sjóðsins breytist, rafrænar gáttir verði aðgengilegar á hefðbundnum opnunartíma en opnunartími skrifstofu verði stytur.

Í gegnum tíðina hefur mikið verið reynt til að efla vitund sjóðfélaga um lífeyrismál og hvetja þá til að fylgjast með inneign og réttindum á starfsævinni, m.a. til þess að fólk geti gert ráðstafanir tímanlega ef það telur að stefni í að eftirlaun dugi ekki til að halda óbreyttum lífsgæðum eftir að látið er af störfum. Eins ef fólk telur að sú tryggingavernd sem það nýtur, með því að greiða í sjóðinn, sé ekki nægjanleg. Á starfsævinni er fólk yfirleitt að hugsa um annað en lífeyrismál og það er skiljanlegt því hjá flestum er langt í þau tímamót að hætta að vinna. En nú er engin afsökun lengur, þegar það þarf ekki lengur að mæta á staðinn. Nú getur fólk skoðað allar upplýsingar á vefnum, þantað fjarfund ef það telur sig þurfa meiri upplýsingar eða ráðgjöf og spjallað við ráðgjafa heima í stofu.

IX. Tillögur um breytingar á samþykktum.

Á þessum stjórnarfundi leggur stjórn sjóðsins fram nokkrar tillögur um breytingar á samþykktum sjóðsins. Helgi Pétur Magnússon, lögfræðingur sjóðsins, mun gera grein fyrir þeim hér á eftir, en ég vil þó nefna stærstu breytinguna sem er að samkvæmt tillögunum er gert ráð fyrir að stjórn sjóðsins verði í framtíðinni kosin í rafrænum kosningum. Verði tillagan samþykkt munu sjóðfélagar kjósa til stjórnar með rafrænum skilríkjum á þar til gerðri kosningasíðu á netinu. Einnig munu þeir eiga kost á að koma á skrifstofu sjóðsins meðan á kosningu stendur og greiða atkvæði sitt þar. Ákvæðið er opið og tiltekur með almennum hætti að kosningar skulu fara fram rafrænt. Sú skylda er lögð á kjörnefnd að setja nánari reglur um framkvæmd kosninganna sem skulu staðfestar af stjórn og kynntar á heimasíðu sjóðsins. Kjörnefnd hefur því heimild til að gera breytingar á fyrirkomulagi á milli ársfunda.

Nokkur aðdragandi er að þessari tillögu en í mörg ár hefur reglulega komið til umræðu í stjórn og reyndar á þessum vettvangi einnig, hvort sjóðurinn ætti að stíga þetta skref. Að þessu sinni var alger samstaða um það í stjórninni að nú væri rétti tíminn og fyrir því eru nokkrar ástæður. Sú helsta er að þeim fjölgar stöðugt sem eru með rafræn skilríki og nýta sér að auðkenna sig með þeim hætti. Einnig má nefna að núna eru í boði þrautreyndar kerfislausnir sem gera sjóðnum mögulegt að efna til rafrænna kosninga án þess að þurfa að þróa og hanna hugbúnað til þess.

Það er margt sem mælir með rafrænum kosningum.

- *Með rafrænum kosningum gefst öllum sjóðfélögum kostur á að taka þátt í að velja stjórnarmenn en ekki bara þeir sem sækja ársfundi. Vonir eru bundnar við að þátttaka í stjórnarkjöri aukist.*
- *Með rafrænum kosningum verður umboðasöfnun að mestu leyti óþörf.*

- *Með rafrænum kosningum er komið í veg fyrir tafsamar kosningar á ársfundum. Á liðnum árum hafa ársfundir oft orðið mjög langir vegna kosninga og margir sjóðfélagar sem mæta hafa yfirgefið fundina áður en þeim lýkur.*

Til þess að rafrænar kosningar heppnist vel er mikilvægt að standa vel að framkvæmd og á kynningum á frambjóðendum. Við munum leggja áherslu á að kosningar verði vel undirbúnar og vandað til verka, fari svo að fundurinn í dag samþykki nýtt fyrirkomulag.

X. Stjórnarstörfin

Stjórnin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði þar sem fjallað er um tilfallandi verkefni og önnur samkvæmt fyrirfram ákveðinni fundaáætlun þar sem verkefnum er dreift yfir árið. Einnig hittist stjórnin á aukafundum, ef tilefni er til og nú í COVID faraldrinum bættust við fjárfundir.

Verkefnin sem koma á borð stjórnar eru bæði fjölbreytt og skemmtileg og það er gefandi að taka þátt í starfi þar sem bæði stjórn og starfsmenn eru einörð í að vinna að heilindum fyrir sjóðfélaga.

Ég vil nota þetta tækifæri og færa meðstjórnendum þakkir fyrir gott samstarf á liðnu ári.

Á ársfundinum lýkur kjörtímabili Örne Guðmundsdóttur og Huldu Rósar Rúriksdóttur í aðalstjórn auk Kristjáns Th. Davíðssonar, varamanns. Arna og Hulda gefa báðar kost á sér áfram og þar sem engin önnur framboð komu fram eru þær sjálfkjörnar.

Ég vil að lokum þakka sjóðfélögum fyrir ánægjuleg samskipti og samstarfið á liðnu ári.

Einnig vil ég þakka starfsfólki sjóðsins fyrir ánægjulegt samstarf.

Takk fyrir.